

## REGLUR

### um breytingar á reglum nr. 389/2004 um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 2005 á 1. námsári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

#### 1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði á árinu 2005 við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 41.

#### 2. gr.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði 31. janúar 2005, skv. lögum nr. 40/1999, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

*Þannig samþykkt af háskólaráði, 31. janúar 2005.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,  
varaforseti háskólaráðs.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér stækkun á skólalóð Flensborgarskóla og gerður er nýr byggingarreitur fyrir stækkun skólans ásamt aukningu á bílastæðum. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 9. febrúar 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Breyting á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal, þann 19. janúar 2005.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu á þrem svæðum.